

Úr fundargerð umhverfis- og samgöngunefndar 20. september 2022:

4. 22067532 - Rafhleðsla ökutækja í Kópavogi.

Lögð fram umsögn umhverfissviðs varðandi erindi Hákons Gunnarssonar um stefnu Kópavogsbæjar varðandi uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Málinu var frestað á síðasta fundi umhverfis- og samgöngunefndar.

Í aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er gert ráð fyrir aukningu á fjölda rafknúinna ökutækja á skipulagstímabilinu. Það er grundvallaratriði og jafnréttismál að bæjaryfirvöld marki sér nú þegar stefnu sem tryggi aðgengi allra Kópavogsbúa að rafhleðslustöðvum burtséð frá efnahag.

Umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að umhverfissvið fylgi eftir þeirri vinnu sem þegar hefur verið farið í hvað varðar skilgreingu rafhleðslustæða og leitað verði eftir áhugasömum rekstraraðilum varðandi uppsetningu og rekstur af rafhleðslustöðvum fyrir almenning í landi Kópavogs.